

Ungt fólk 2009 - Æskulýðsrannsóknin Ungt fólk 2009

Nýlega voru kynntar niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni Ungt fólk 2009 í 5. til 10. bekk í grunnskólum.


Frá árinu 1992 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið staðið að æskulýðsrannsóknunum Ungt fólk. Árið 1999 hófst samstarf um rannsóknirnar við Rannsóknir og greiningu og í gildi er samstarfssamningur milli ráðuneytisins, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknna og greiningar, um æskulýðsrannsóknir meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins. Rannsóknir og greining hefur um árabil stundað rannsóknir á högum og líðan ungmenna og unnið náið með mennta- og menningarmálaráðuneytinu að framkvæmd rannsókna Ungt fólk. Nánar tiltekið hafa rannsóknirnar verið gerðar meðal nemenda í 5. til 10. bekk og í öllum árgöngum framhaldsskóla. Þá hafa rannsóknir verið unnar meðal þess hóps sem ekki stundar nám og er á aldrinum 16 til 20 ára.

Með þessum rannsóknum tryggir ráðuneytið að hægt sé að vinna úr haldgöðum og samanburðarhæfum gögnum um hagi barna og ungmenna fyrir fjölmarga aðila, enda krafa foreldra og forráðamanna að stefna og aðgerðir í málefnum barna sé byggð á áreiðanlegum rannsóknum. Vísindalegt gildi rannsókna er mikið og hafa þær stuðlað að aukinni þekkingu á mikilvægum þáttum er snerta börn og ungmenni á Íslandi. Fjöldi vísindagreina hafa verið ritaðar upp úr

gagnasafni rannsókna og birtar í ritrýndum tímaritum. Vísindagreinar og skýrslur má sjá á vefsíðu Rannsóknna og greiningar www.rannsoknir.is Þá er hagnýtt gildi rannsókna einnig mjög mikið.

Skýrslurnar má nálgast á [vef mennta- og menningarmálaráðuneytis](#) og vef Rannsóknna og greiningar.

Hversu oft ert þú með foreldrum þínum um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk



Úr skýrslunni Ungt fólk 2009

Heimsókn á Þjóðminjasafn

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra fór nýlega ásamt nokkrum fulltrúum ráðuneytisins í heimsókn í [Þjóðminjasafn Íslands](#). Skoðaðar voru sýningar safnsins og húsakynni í aðalsafninu, síðan var farið í Setberg sem er fyrrum jarðvísindahús Háskóla Íslands en þar eru skrifstofur safnsins, skjalageymslur, bókasafn og vinnuaðstaða fyrir fræðimenn. Þar var snæddur léttur hádegisverður og m.a. rætt við starfsfólk safnsins um málefni þess og helstu viðfangsefni. Loks var farið í geymsluhúsnæði safnsins við Vesturvör í Kópavogi og skoðaðar geymslur Ljósmyndasafns Íslands, forvörsluverkstæði og glæsilegar munageymslur safnsins, þar sem margt fróðlegt var að sjá. Góður rómur var gerður að heimsókninni og var ráðherra og starfsfólk ráðuneytisins margs vísari um þá fjölbreyttu og margþættu starfsemi sem fer fram á vegum Þjóðminjasafnsins, sem vinnur ótullega að þeim viðfangsefnum sem því hafa verið falin og horfir til framtíðar í stefnumótun og frekari þróun starfseminnar.

Færeyjar öðlast aukaaðild að UNESCO

Aðalráðstefna Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, var nýlega haldin. Hún er haldin annað hvert ár, en meginefni hennar er að taka ákvörðun um fjárhags- og verkefnaáætlun fyrir næstu tvö ár og fjalla um helstu áhersluatriði í sex ára áætlun stofnunarinnar. Aðildarríkin eru 193 og 7 auka-aðildarríki. Færeyjar öðluðust aukaaðild á ráðstefnunni nú. Tveggja ára fjárlög stofnunarinnar eru alls 653 milljónir dollara. Framlag Íslands nemur 0.037%. Irina Bukova frá Búlgaríu var kosin aðalframkvæmdastjóri UNESCO til næstu fimm ára, fyrst kvenna til að gegna því starfi.

Á sviði menntamála veitir UNESCO aðildarríkjum sérfræðipækkingu og aðstoðar við að byggja upp menntakerfi, en enn njóta um 10% barna á grunnskólaaldri engrar skólagöngu. Hátt í 800 milljónir fullorðinna í heiminum eru ólæsir. Árlega gefur UNESCO út [tölfræðirit um stöðu menntamála í heiminum](#). Í mörg ár hefur UNESCO haldið utan um tengslanet skóla, [Associated School Project](#) (ASP), til að stuðla að auknu samstarfi og bættum samskiptum á milli

landa. Mýrarhúsaskóli hefur tekið þátt í þessu í nokkur ár.

Á vísindasviðinu vinnur UNESCO m.a. ótullega að því að vernda vatnsbúskapinn í heiminum, efla þekkingu á endurnýjanlegum orkugjöfum, styrkja almannavarnir og marka siðareglur á sviði lífvísinda.

Til að vekja athygli á og vernda menningararfleifi þjóða hafa aðildarríki UNESCO gert með sér nokkra sáttmála. Einn þekktastur er [heimsmínjasamningurinn](#) og [heimsmínjaskrá UNESCO](#). Þingvellir og Surtsey eru á skránni og Ísland leiðir nú tilnefningu víkingastaða í nokkrum löndum. Síðastliðið sumar var handritasafn Árna Magnússonar samþykkt á Memory of the World skrána.

UNESCO hefur alla tíð staðið vörð um tjáningarfrelsi og öryggi fréttamanna. Jafnrétti kynjanna og þróunarríkin, einkum Afríka, ganga sem leiðarstef í gegnum alla verkefnisáætlunina.

Á vef UNESCO, www.unesco.org, er mikill brunnur upplýsinga um starfsemi stofnunarinnar.

